



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 1. Skipulag fundar

**Heiti fundar:** 23. fundur aðalstjórnar  
**Fundarstjóri:** Davíð Þór Sigurðarson  
**Fundarritari:** Davíð Þór Sigurðarson

**Dagsetning:** 12.12.2013  
**Staður:** Hettan  
**Tími :** 20:00

#### Þátttakendur:

Davíð Þór Sigurðarson, formaður aðalstjórnar	Magnús Ásmundsson, formaður körfuboltadeildar
Hjálmar Elíesersson, formaður Taekwondo	Lovísa Hreinsdóttir, formaður Blakdeildar
Anna Dís Jónsdóttir, formaður fimleikadeildar	Svava Þórey Einarsdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar
Árni Ólason, formaður fótboltadeildar	
Jón Óli Benediktsson, aðalstjórn	

#### Fjarverandi:

Kristbjörg Jónasdóttir, aðalstjórn	Michal Janicek, formaður Tennis og badmintondeildar
Guðbjörg Björnsdóttir, formaður sunddeildar	
Björgvin Steinar Friðriksson, formaður handboltadeildar	

### 2. Markmið fundar

Yfirlit verkefna á árinu og úthlutun styrkja 2013.

### 3. Fundardagskrá

Fundarefni	Stjórnandi umræðu	Tími (mín)
Move week yfirlit	Davíð	10
Afmælishátíð 2014	Davíð	10
Fyrirmyndardeildir ÍSÍ	Davíð	10
Yfirdráttur körfuboltadeildar	Davíð	10
Starfsmerki Hattar 2013 og íþróttamenn Hattar	Davíð	20
Úthlutun styrkja 2013	Davíð	30



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 4. Helstu umræður

#### Move week yfirlit

Davíð fór yfir framgang hreyfivikunnar í október en í ár hlaut Höttur alþjóðlega viðurkenningu fyrir sitt framlag í Move week. Verkefnið var unnið af Hetti í samstarfi við sveitarfélagið og UÍA. Gunnar Gunnarsson, formaður UÍA fór fyrir hönd verkefnsins til Barcelona og tók við viðurkenningunni. Verkefnið sjálft gekk mjög vel, þátttakendur voru rúmlega 1.700 á öllum viðburðum sem voru fjölmargir alla vikuna. Fjárhagslega kom verkefnið út á núlli en 2 styrkir fengust frá Landsvirkjun og UMFÍ.

#### Afmælishátíð 2014

Byrja þarf skipulagningu fyrir afmælishátíð Hattar 2014 en ræddar voru hugmyndir um að hafa veisluna samhliða Ormsteiti. Árni benti á að hugsanlega kæmu aðilar frá Runavík í heimsókn og gætu tekið þátt. Rætt var að halda galakvöld og eins gera minni viðburði yfir árið. Einnig var ákveðið að búa til afmælisrit og deildir ættu að tilnefna fulltrúa sem skrifaði grein um hverja deild fyrir 15. Janúar 2014. Einnig skal leitast við að finna aðila til að standa að framkvæmdinni.

#### Fyrirmyndardeildir ÍSÍ

Tvær deildir innan Hattar fengu framlengingu á fyrirmyndarviðurkenningum sínum, fimleikar og knattspyrna voru veittar framlengingin í desember. Einnig var rætt um að framkvæmdastjórn myndi reyna stuðla að því að kynna fyrir öðrum deildum fyrirkomulagið svo hægt væri að sækja um fyrir fleiri og allt félagið næði þeim árangri að vera fyrirmyndarfélag.

#### Heimild til framlengingu á yfirdrætti vegna körfuboltadeildar

Erindi sent frá Þórhalli Harðarsyni fyrir hönd körfuboltadeildarinnar um samþykki aðalstjórnar fyrir framlengingu á yfirdrætti hjá Arion banka upp á 2,5 milljónir. Heimildin gildir til 1. Maí 2014. Aðalstjórn samþykkir heimildina og formaður sendir skriflegt samþykki sem bankinn fær.

#### Starfsmerki Hattar og íþróttamaður 2013

Framkvæmdastjórn óskar eftir tilnefningum til beggja viðurkenninga fyrir árið 2013. Karl og kona skulu hljóta viðurkenningu fyrir starfsmerki Hattar. Búið er að ákveða merkið en það er ígildi penings í öskju. Er það keypt frá Kalla Úr á Selfossi og hafa þegar verið afhendir peningar fyrir síðasta ár. Óskað er eftir því að deildir sendi inn sínar tilnefningar fyrir júl.

Einnig var rætt og samþykkt að hafa aldurstakmark á íþróttamanni Hattar hjá öllum deildum en aldurstakmark fyrir veitingu er 14 ára. Það samræmist nokkurn vegin við reglur ÍSÍ um stórviðkurkenningar sem má sjá hér að neðan, tekin frá stefnuyfirlýsingu um tilhögun íþróttauppheldis félaga.



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Verðlaunaveitingar í keppni barna og unglunga fylgi eftirfarandi áætlun:

- a) **10 ára og yngri:**  
Allir fá jafna viðurkenningu fyrir þátttöku
- b) **11-12 ára:**  
Lið vinni til verðlauna.  
Einstaklingar geta unnið til verðlauna í einstaklingsgreinum.  
Fyrst við 11 ára aldur er leyfilegt að krýna Íslandsmeistara, einstakling eða lið.
- c) **13-19 ára**  
Lið vinni til verðlauna.  
Einstaklingar vinni til verðlauna.
- d) Óæskilegt er að veita börnum og yngri unglungum stórvíðurkenningar s.s. Íþróttamaður félags, bæjar, héraðs, landshluta eða sérsambands.
- e) Verðlaunaveitingar á uppskeruhátíðum/verðlaunahátíðum séu í anda þess sem fram kemur hér að framan.

Samþykkt á 63. Íþróttapingi ÍSÍ á Akranesi 26.- 27. október 1996.

### Úthlutun styrkja 2013 og reglur

Samþykkt var að ákveðnir styrki sem tileinkaðir eru barna og unglínastarfi yrðu greiddir út til deilda samkvæmt iðkendatali síðasta árs og er engin breyting á þeim reglum.

Umræður voru um aukið vægi styrkja til meistaraflokka félagsins og skilgreiningar fyrir þann flokk. Samþykkt var að eftirfarandi falla undir skilgreiningu á afgreksstarfi innan deildar að lið eða einstaklingar sem keppa í landskeppnum á vegum síns sérsambands og keppa til æðstu metorða.

Ákveðið var að ákveðnir styrki myndu renna inn í þennan pott fyrir árið 2013 og fer skipting styrkja eftir kostnaði fyrir lið/einstakling sem þau bera til keppnishalds fyrir árið 2013. Deildir skulu senda inn þær tölur og % skipting fundið þannig út og styrkir greiddir út í samræmi við það. Þær deildir sem eru með lið eða einstaklinga í þessu eru knattspyrna, körfubolti, fimleikar og frjálsar.

### Aðrar umræður

Magnús fór yfir aukningu í yngra starfi körfuboltans og þörf þeirra fyrir fleiri tíma í íþróttahúsinu.

Umræða um nýtingu og þá miklu þörf sem Íþróttafélagið hefur gagnvart byggingu fimleikahúss svo hægt sé að mæta þörfum iðkenda frekar var einnig skýrð.

## 5. Helstu ákvarðanir/niðurstöður

Samþykkt reglur og úthlutun styrkja til deilda fyrir árið 2013.



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 6. Aðgerðalisti

Hvað	Hver	Í samvinnu við	Dags.
Formenn senda inn tilnefningu aðila vegna afmælishátíðar	Formenn		15.janúar
Formenn deilda senda inn gögn varðandi úthlutun styrkja	Formenn		24.desember
Senda formlegt samþykki aðalstjórnar vegna yfirdráttar	Davíð		15. desember
Formenn senda inn tilnefningar vegna viðurkenninga	Formenn		24. desember

Fundi slitið kl. 22:10

Davíð Þór Sigurðarson